



Dagsetning 28. maí 2024
Málsnúmer MRN24050123

Vegna fyrirhugaðrar lokuna á meðferðardeild Stuðla


Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 16. maí sl., til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar lokunar meðferðardeildar Stuðla. Í erindinu er óskað eftir því að mennta- og barnamálaráðuneytið veiti umboðsmanni barna upplýsingar um hvort það standi til að loka meðferðardeild Stuðla frá 12. júlí til 8. ágúst nk. Ef sú ákvörðun hefur verið tekin óskar umboðsmaður barna jafnframt eftir því að fá upplýsingar um það hvort og þá hvernig mat hafi verið lagt á bestu hagsmuni barna við ákvarðanatöku um lokun meðferðardeildar Stuðla yfir umrætt tímabil.

Mennta- og barnamálaráðuneytið staðfestir að fyrirhugað er að meðferðardeild Stuðla verði lokað frá 12. júlí til 8. ágúst nk. Á meðferðardeild Stuðla er börnum veitt meðferð sem miðar að því að auka félagsfærni, sjálfstjórn og hæfni til að nýta eigin styrkleika. Skoðaðar eru aðferðir barns í samskiptum, líðan og viðhorf til eigin stöðu sem og bjargráð í fjölskyldu. Stuðst er við reglubundna dagskrá og atferlismótandi þrepa- og stigakerfi. Að öðru leyti er meðferðin löguð að þörfum hvers og eins. Ekki er veitt heilbrigðisþjónusta á meðferðardeild Stuðla.

Með vísan til framangreinds er ljóst að starfsfólks meðferðardeildar Stuðla búa yfir ákveðinni sérþekkingu og reynslu. Það er mat Barna- og fjölskyldustofu, sem rekur meðferðardeild Stuðla, að vandasamt sé að finna sumarstarfsfólk sem hefur þá sérþekkingu og reynslu sem þörf er á til að veita meðferðarþjónustu á meðferðardeild Stuðla yfir sumartímann. Af þeim sökum ákvað Barna- og fjölskyldustofa að loka meðferðardeild Stuðla í þennan tiltekna tíma í stað þess að veita skerta meðferðarþjónustu í allt að þrjá mánuði á meðan starfsfólk meðferðardeildar Stuðla tekur kjarasamningsbundið sumarleyfi. Ákvörðun Barna- og fjölskyldustofu er tekin með hagsmuni barna að leiðarljósi og er til þess fallin að mati stofnunarinnar að tryggja gæði þeirrar meðferðar sem veitt er á meðferðardeild Stuðla. Með því að tryggja börnum í þessari viðkvæmu stöðu bestu meðferð sem völ er á telur Barna- og fjölskyldustofa að verið sé að gæta að réttindum þeirra í hvívetna. Þá má geta að á meðan lokun meðferðardeildar Stuðla stendur yfir verður ráðist í nauðsynlegar endurbætur á húsnæði meðferðardeildarinnar sem erfitt er að framkvæma á meðan á meðferðarstarfi stendur.

Í erindi umboðsmanns barna kemur fram að í febrúar sl. hafi sjö börn beðið eftir þjónustu meðferðardeildar Stuðla og að meðalbiðtími þar voru 66 dagar. Rétt er að upplýsa umboðsmann barna um að vel hefur tekist að vinna niður biðlista meðferðardeildar Stuðla sem rekja má til aukins fjárframlags frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til meðferðarheimilisins og samstilltri vinnu barnaverndarþjónustna og Barna- og fjölskyldustofu. Nú bíður eitt barn eftir plássi á meðferðardeild Stuðla.

Áréttað er að neyðarvistun Stuðla og stuðningsheimili Stuðla verða opin í sumar og ekki er fyrirhugað að skerðing verði á þeirri þjónustu.



F.h. ráðherra
Erna Kristín Blöndal



F.h. ráðherra
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir